



305. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 27. mars 2014 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Berglind Axelsdóttir, forseti bæjarstjórnar, BA
Davíð Sveinsson, DS
Helga Guðmundsdóttir, HG
Gretar D. Pálsson, GDP
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Lárus Á. Hannesson, bæjarstjóri LÁH
Guðmundur Andrésón, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar, Berglind Axelsdóttir, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 507, dags. 20.03.2014.

Fundargerð framlögð.

*Liður 1 fundargerð stjórnar Dvalarheimilis Stykkishólms dags.
03.03.14 (80.fundur).*

Framlagt og samþykkt. Ástæða fyrir lægra starfshlutfalli sjúkraþjálfara er vegna þess að starfsmaðurinn hefur ráðið sig til afleysinga hjá HVE í Stykkishólmi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 fundargerð - Skipulags- og bygginganefndar (170).

Fundargerð framlögð.

3.1. 1403002 - Garðaflöt 5 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum utanhús.

Skipavík ehf kt.700175-0149 sækir um fyrir hönd Guðjóns Hjaltalín kt.190754-2869 breytingar utanhús að Garðaflöt 5. Skipt um klæðningu, bætt við einangrun og skipt um glugga, samkvæmt uppdráttum frá Sigurjóni Jónsyni dags. 27.02.2014.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

3.2. 1311030 - Aðalgata 7 - Breytingar inni og úti.



Ragnar Már Ragnarsson kt.200373-5109 sækir um breytingar innan og utanhús við Aðalgötu 7 ásamt því að fjarlægja tengiskúr við austurhlið hússins og setja hurð út í staðinn, samkvæmt uppdráttum dags.18.02.2014. Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands, umsögn hefur ekki borist fyrir fundinn.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Minjastofnunar Íslands og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

3.3. 1402030 - Umsókn um stöðuleyfi.

Porgeir Kristófersson kt.101261-7199 sækir um stöðuleyfi á gámi fyrir hönd Ocean Safari kt.581202-3850. Staðsetning á Stykkishólmsbryggjunni, sami staður og áður.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara hafnarstjóra/hafnarnefndar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

3.4. 1403001 - Beiðni um leiðréttingu/breytingu á byggingarári íbúðarhús í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Júlíus B. Georgsson sækir um fyrir hönd Georgs Ólafssonar kt.260309-4639 að byggingarári Silfurgötu 13 verði leiðrétt úr 1953 í 1950 samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að láta breyta/leiðrétta byggingarár í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

3.5. 1403004 - Nesvegur 22a - Umsókn um niðurrif.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir leyfi fyrir rífi á steypustöð, Nesvegi 22a og því sem henni tilheyrir, vegna mjög lélegs ástands hússins.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Allir tóku til máls.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

3.6. 1403005 - Gámasvæði - Ósk um stækkun gámasvæðis við Heljarmýri.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir að fá að stækka gámasvæði sem er utan girðingar við Heljarmýri. Svo hægt sé að taka á móti þeim fjölda gáma sem eru ólöglegir í Stykkishólmi, svæðið verður stækkað í áföngum eftir þörfum. Á



næstu vikum verður farið í þá vinnu að senda eigendum gáma og lausafjármuna sem eru utan lóðar bréf þess efnis að fjarlægja gámana/lausafjármuni.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Ekki reiknað með fjárveitingu til verksins á árinu 2014.

Til máls tók LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

3.7. 1403006 - Lenging ferjubryggju - stöðuleyfi og afnot af svæði til flokkunar á grjóti.

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir vinnuskúr við bryggju þar sem áætlað er að lengja ferjubryggju. Ásamt afnot af svæði þar sem hægt að lagera grjót og vera með flokkun, samkvæmt skissu dags. 10.4.2014. Áætluð verklok eru í maí/júní.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara samþykkis hafnarstjóra og Sæferða. Vinna skal með hafnarstjóra og Sæferðum með hvar vinnuskúr skal vera á framkvæmdatíma. Svæði þar sem grjót er áætlað í geymslu og flokkun skal skila í samskonar ástandi og tekið er við því, þetta á líka við með gangstétt þar fyrir framan.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 13 fundarboð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands 28. mars 2014.

Framlagt. Fulltrúi Stykkishólmsbæjar verður Gyða Steinsdóttir.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 14 fundarboð aðalfundar SSV föstudaginn 28. mars 2014.

Framlagt. Fulltrúar Stykkishólmsbæjar verða bæjarráðsfulltrúar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 15 bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 28.02.14 varðandi aðalfund LS ohf. 2014.

Framlagt. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. aðalfundur:

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar samþykkir að Þór Örn Jónsson bæjarritari Stykkishólmsbæjar fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. þann 27. mars n.k.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 16 ársskýrslur og framkvæmdaáætlun Framkvæmdaráðs vegna EarthCheck vottunar dags. 16.03.2014.



Ársskýrslur 2011-2013 framlagðar og framkvæmdaáætlun
Framkvæmdaráðs Snæfellsness fyrir árin 2014-2018 vegna EarthCheck
samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 17 bréf Rannsóknaseturs HÍ á Snæfellsnesi, dags. 13.03.14
varðandi Landey.**

Tekið jákvætt í erindið og samþykkt að kanna málið nánar í samvinnu við
Rannsóknarsetur HÍ á Snæfellsnesi.

Til máls tók LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 18 bréf Stykkishólmskirkju dags. 06.03.14 varðandi styrk
vegna fasteignagjalda 2014.**

Samþykkt að veita Stykkishólmskirkju styrk vegna fasteigngjalda 2012-
2013 kr. 210.624 og styrk vegna fasteignagjalda 2014
kr.138.472.Fjármagnið tekið af óskiptu fé í fjárhagsáætlun.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 19 reglur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga um greiðslur
lögmannskostnaðar vegna barnaverndarmála.**

Reglur framlagðar og samþykktar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 20 samstarf um doktorsverkefni til þriggja ára milli
sveitarfélaganna ánorðanverðu Snæfellsnesi við Matís.**

Samþykkt að taka þátt í verkefninu og að Stykkishólmsbær greiði í
hlutfalli við íbúafjölda. Fjármagnið tekið af óskiptu fé í fjárhagsáætlun
(kr. 600.000 til 700.000 á ári).

Til máls tók GDP, LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 21 ferjubryggja – lengingar.

Verksamningur við Lárus Einarsson að upphæð kr. 16.422.045, vegna
lengingar Ferjubryggju í Stykkishólmshöfn framlagður og samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 22 sjóvörn við Skúlagötu 15.

Samþykkt að taka tilboði BB. og sona að upphæð 1.625.300 kr. í sjóvörn
við Skúlagötu 15.

Til máls tók LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 23 bréf Golfklúbbsins Mostra dags. 13.03.14 varðandi umsókn um styrk vegna fasteignagjalda.

Samþykkt að veita Golfklúbbnum Mostra styrk vegna fasteignagjalda 2013 kr. 227.374 og styrk vegna fasteignagjalda 2014 kr.232.794. Fjármagnið tekið af óskiptu fé í fjárhagsáætlun.

**Til máls tók GDP, DS,HG,BA
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 25 svæðisskipulag.

Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar í skipulags-og bygginganefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 styrkbeiðni frá Meistaraflokki Snæfells knattspyrna.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni. Stykkishólmsbær styrkir aðalstjórn Snæfells og bendir Meistaraflokki Snæfells knattspyrnu að hafa samband við aðalstjórn Snæfells.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1 1403008 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis Stykkishólms, dags. 03.03.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.2 1403009 - Fundargerð skólanefndar Grunnskólans, dags. 06.03.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3 1402002F – Fundargerð skipulags- og bygginganefndar – 170, dags. 10.03.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

3. Annað

3.1. 1403045 – Kauptilboð í Einarstaði.

Stykkishólmsbær hafnar forkaupsrétti á nýræktarlandi (Einarstaðir).

Til máls tók LÁH, BA,GDP

Samþykkt samhljóða

3.2. 1403044 – Ósk um leyfi fyrir borð og stólum við Freyjulund

Stykkishólmsbær veitir leyfi samkvæmt umsókn fyrir borð og stólum við Freyjulund sumarið og haustið 2014 með fyrirvara um starfsleyfi. Bæjarstjórn leggur áherslu á góða umgengni.

Greтар situr hjá vegna tengsla.

Til máls tók LÁH, GDP,HG

Samþykkt samhljóða



- 3.3. 1403043 – Umsókn um lóð í Stykkishólmsbæ.**
Stykkishólmsbær úthlutar Kristbjörgu Hermannsdóttur lóðina að
Hjallatanga 3.
Samþykkt samhljóða

4. Gjaldskrár

- 4.1. 1403033 – Gjaldskrá tjaldsvæðis fyrir 2014.**

Gjaldskrá tjaldsvæðis gildir frá 1. maí 2014

15 ára og yngri	frítt
16 ára og eldri.....	kr. 1.000.
Ellilífeyrisþegar/öryrkjar	kr. 600.
Rafmagn	kr. 700.
Tilboðspakkar	
Þriggja daga dvöl	kr. 2.000
Sex daga dvöl	kr. 4.000
Viku dvöl	kr. 4.500

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

- 4.2. 1403030 – Gjaldskrá gámasvæðis.**

20“ gámar innan iðnaðarlóðar	30.000-kr.
40“ gámar innan iðnaðarlóðar	60.000-kr.
20“ gámar á geymslusvæði utan girðingar	9.000-kr. (með 1.4m bili á milli gáma 13.500-kr.)
40“ gámar á geymslusvæði utan girðingar	18.000-kr. (með 1.4m bili á milli gáma 27.000-kr.)
3x8m (24m ²) innan girðingar	17.136-kr.
3x12m (36m ²) innan girðingar	25.700-kr.

Gjaldskrá miðast við vísitölu neysluverðs í mars 2014, 419,7 stig

Tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tók, GDP

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:43

Guðmundur Andrésen